

Skýrsla vinnuhóps ÍSÍ um góða stjórnarhætti

Inngangur

Eftirfarandi áskorun til framkvæmdastjórnar ÍSÍ var samþykkt á 76. Íþróttapingi ÍSÍ í maí 2023:

„76. Íþróttaping ÍSÍ, haldið 5. til 6. maí 2023, að Ásvöllum í Hafnarfirði, leggur til að framkvæmdastjórn ÍSÍ með aðkomu hagaðila, taki allt regluverk ÍSÍ til heildstæðrar endurskoðunar m.t.t. góðra stjórnarháttanna. Endurskoðun verði lokið og heildstæð tillaga verði lögð fram á næsta íþróttapingi.“

Framkvæmdastjórn ÍSÍ samþykkti að skipa vinnuhóp til að vinna að málinu og voru eftirtalin skipuð í vinnuhópinn með skipunarbréfi dagsettu 1. desember 2023:

- Ragnheiður Ríkharðsdóttir, formaður hópsins, meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Grétar Eggertsson, formaður BLÍ
- Guðbjörg Norðfjörð, formaður KKÍ
- Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ
- Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri FSÍ
- Úlfur H. Hróbjartsson, meðstjórnandi í framkvæmdastjórn ÍSÍ
- Victor Ingi Olsen, framkvæmdastjóri UMSK

Í lok febrúar 2024 sagði Klara Bjartmarz sig út hópnum þegar hún lét af störfum sem framkvæmdastjóri KSÍ. Óskað var eftir tilnefningu frá KSÍ í stað Klöru og var Haukur Hinriksson lögfræðingur tilnefndur af hálfu KSÍ og staðfestur af framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Eftirtaldir starfmenn Stjórnsýslusviðs ÍSÍ hafa starfað með hópnum:

- Halla Kjartansdóttir, sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs ÍSÍ
- Helga Þórðardóttir, lögfræðingur ÍSÍ
- Jón Reynir Reynisson, sérfræðingur á Stjórnsýslusviði ÍSÍ

Verkefni vinnuhópsins voru, skv. skipunarbréfi:

- Að vinna viðmið um góða stjórnarhætti í íþróttahreyfingunni og skoða rafrænar lausnir fyrir notendur.
- Að vinna tillögur að lagabreytingum er lúta að bættum stjórnarháttum, fyrir Íþróttaping 2025, eftir atvikum í samráði og samvinnu við skrifstofu ÍSÍ og/eða framkvæmdastjórn.

Fundir og fyrirkomulag

Fyrsti fundur vinnuhópsins var haldinn 31. janúar 2023. Hópurinn setti sér strax stífa fundaaætlun og hittist að jafnaði hálfsmánaðarlega. Haldnir hafa verið hátt í 20 fundir frá upphafi vinnu hópsins.

Sett var upp vinnusvæði fyrir hópinn á Microsoft Teams og þar var safnað saman gögnum er talin voru gagnast við vinnu hópsins.

Dæmi um gögn sem horft var til við vinnuna

- ✓ Leiðbeiningar IOC um góða stjórnarhætti (IOC Basic Universal Principles of good governance within the Olympic Movement).
- ✓ Siðareglur IOC (Ethics)
- ✓ Vinnslugögn og niðurstöður úr rannsókn Play the Game, sem Jón Reynir Reynisson og Garðar Óli Ágústsson unnu að sem lokaverkefni í meistaranámi í íþróttastjórnun.
- ✓ Siðareglur Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC Code of Ethics).
- ✓ Úttektarskjal frá UEFA.
- ✓ Ýmis skjöl frá sambandsaðilum ÍSí (bæði sersamböndum og íþróttahéruðum).
- ✓ Drög að viðmiðum ÍSí um góða stjórnarhætti (unnin 2022).
- ✓ Reglugerðir ÍSí

Verkefni og aðferðarfræði

Hópurinn kom sér saman um að nálgast verkefnið út frá þeim flokkum sem oftast eru hafðir til hliðsjónar við mat á góðum stjórnarháttum, þ.e. gagnsæi, lýðræði, áreiðanleiki og samfélagsleg ábyrgð. Til skýringar er hér stutt lýsing á hverjum flokki:

Gagnsæi vísar til þess að ferlar, ákvarðanir og upplýsingar um starfsemi ÍSí séu skýrar, aðgengilegar og auðskiljanlegar fyrir almenning og hagsmunaaðila. Gagnsæi stuðlar þannig að trausti, ábyrgð og sanngirni í stjórnun sambandsins.

Með gagnsæi er m.a. átt við að upplýsingar séu aðgengilegar sambandsaðilum og öðrum hagaðilum varðandi öll mikilvæg málefni. Það krefst þess að upplýsingum sé miðlað á fjölbreyttan hátt þannig að auðvelt sé að fylgjast með starfi sambandsins og að rétt sé staðið að ákvarðanatöku. Þannig geta sambandsaðilar og aðrir hagaðilar haft áhrif á stefnumótun ÍSí.

Gagnsæi er mikilvægur þáttur í að auka traust almennings á fyrirtækjum, samtökum og opinberum aðilum. Skortur á gagnsæi getur leitt til misbeitingar valds, fjárhagslegrar óstjórnar eða jafnvel spillingar.

Aukið gagnsæi leiðir því til betri stjórnarháttar.

Undir hugtakið **lýðræði** falla ýmis atriði er varða stjórnsýslu og ákvarðanatöku.

Lýðræði í góðum stjórnarháttum einkennist af mörgum þáttum sem stuðla að skýrum, sanngjörnum og ábyrgum stjórnarháttum. Undir hugtakið lýðræði falla t.d. ýmis atriði er varða stjórnsýslu og ákvarðanatöku.

Lýðræði felur m.a. í sér dreifingu valds og ábyrgðar og hvernig valdhafar eru valdir og þeim skipt út. Frjálsar og sanngjarnar kosningar eru grundvallaratriði þegar kemur að lýðræði sem og að tryggja opna og almenna umræðu, aðgang að upplýsingum og samráð. Þegar hagaðilum er tryggð slík aðkoma að ákvörðunarferli og stefnumótun er líklegra að almenn sátt náist um niðurstöðuna.

Áreiðanleiki er ein af grundvallarforsendum trausts milli ÍSí og hagaðila.

Áreiðanleiki er ein af grundvallarforsendum trausts milli ÍSÍ og hagaðila.

Áreiðanleiki stuðlar að trausti almennings, stöðugleika í stjórnkerfinu og skýrum ákvörðunum. Í áreiðanleika felst að áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð og fagmennsku. Markmið og stefna sambandsins verður þannig hagaðilum skýr og unnin í samráði við þá.

Með innri ábyrgð og eftirliti er átt við að hlutverk og ábyrgð einstakra stjórnarmanna og annarra embættismanna innan sambandsins sé skýrt og verkferlar séu til staðar varðandi ákvarðanatöku innan sambandsins, hagsmunaárekstra og fleira.

Í **samfélagslegri ábyrgð** felst að ÍSÍ tekur ábyrgð á áhrifum sínum á samfélagið, umhverfið og hagkerfið. Með því að samþætta samfélagslega ábyrgð í stjórnarhætti sína getur ÍSÍ þannig stuðlað að heiðarleika, trausti og velgengni á vettvangi íþróttar.

Í samfélagslegri ábyrgð felst að starfsemi ÍSÍ sé í samræmi við samþykkt gildi og viðmið ÍSÍ til að stuðla að og styðja við betra samfélag. Þessi gildi og viðmið eru breytingum háð og þarf sambandið því að vera viðbúið að bregðast við þeim breytingum sem verða. Að sýna samfélagslega ábyrgð eykur traust á sambandið og hefur jákvæð áhrif á viðhorf hagaðila og annarra til þess.

Verkefni hópsins

Verkefni 1

Skoðun á lögum ÍSÍ út frá grunnreglum IOC um góða stjórnarhætti

Hópurinn ákvað að taka fyrst lög ÍSÍ til skoðunar, út frá grunnreglum IOC um góða stjórnarhætti. Gerður var samanburður á lögum ÍSÍ gagnvart grunnreglum IOC um góða stjórnarhætti fyrir ólympíunefndir, sjá fylgiskjal 1.

Yfirferðin var mjög gagnleg og sköpuðust góðar umræður um þá þætti sem farið var í gegnum. Við þessa umfjöllun urðu til margar af þeim tillögum sem vinnuhópurinn mun leggja fram til framkvæmdastjórnar ÍSÍ, m.a. tillögur að breytingum á lögum ÍSÍ.

Á sumum sviðum kom samanburðurinn ágætlega út fyrir ÍSÍ. Sambandið uppfyllir ýmsa þætti sem IOC telur að verði að vera til staðar, út frá góðum stjórnarháttum, en þó eru mikil tækifæri til bætinga á þessu sviði.

Gagnsæi

Hvað varðar gagnsæi, þá uppfyllti sambandið nokkuð vel þær kröfur sem gerðar voru af hálfu IOC. Það stóð þó áberandi út af borðinu að framtíðarsýn ÍSÍ er ekki sýnileg á vefsíðu ÍSÍ þó hún sé til og hafi verið kynnt á Formannafundi 2022. Hún er ekki heldur staðfest/samþykkt af Íþróttapingi og þykir hópnum það veikja framtíðarsýnina mikið þar sem hún er ákveðin af þröngum hópi um starfsemi stórrar og lagskiptrar hreyfingar.

Lýðræði

Lög ÍSÍ dekkja nokkuð vel flest það sem þarf að vera til staðar varðandi Íþróttaping ÍSÍ en þó má bæta upplýsingar varðandi kosningar. Í grunnreglum IOC er lögð áhersla á aðgengi ólíkra hópa og

hagsmunaaðila, áætlun um hvernig tryggja skuli öflun frambjóðenda með ólíkan bakgrunn svo tryggja megi fjölbreytileika í stjórnun og jöfnun kynjahlutfalls í stjórnun.

Skoða þarf vel hvort að ástæða er til að skerpa á þessum atriðum í regluverki ÍSÍ en hópurinn leggur ekki fram sérstakar tillögur hvað það varðar.

Miklar umræður urðu í vinnuhópnum varðandi hámarks samfelldan kjörtíma forseta og stjórnarfólks sem skv. IOC á ekki að fara yfir 12 ár.

Áreiðanleiki

Í grunnreglum IOC kemur fram að í lögum Ólympíunefnda skuli kveðið á um að stjórnarfolk megi ekki taka stöðu þingfulltrúa. Slíkt ákvæði er ekki til staðar í núgildandi lögum ÍSÍ.

Ekkert regluverk er heldur til sem skilgreinir hlutverk og ábyrgð embætta innan stjórnar og nefnda, hlutverk nefnda, fjölda nefndarmanna og hvernig störfum skuli háttað.

Fjárhagsáætlun er staðfest á Íþróttapingi en það ferli þarf að festa í lög.

Uppfæra þarf lagaákvæði um siðareglur ÍSÍ og siðareglurnar sjálfar, með hliðsjón af grunnreglum IOC og bæta við viðurlögum. Bæta þarf inn í lög ÍSÍ ákvæði um hæfi stjórnar- og nefndarmanna og ákvæði um almennt og sérstakt hæfi dómara. Skoða þarf hvaða þættir varðandi aðstæður sem upp geta komið í starfi stjórnar, t.d. afsögnum stjórnarfólks, hagsmunaárekstrum stjórnarmanna eða óstarfhæfi stjórnar eiga að vera í starfsreglum og hvaða þætti þarf að festa í lög.

Samfélagsleg ábyrgð

Þarna skoraði ÍSÍ best, af þessum fjórum þáttum, en þó þarf að skerpa á viðurlögum við mismunun í siðareglum, skoða stöðu ÍSÍ gagnvart sjálfbærni á sviði íþróttar og ákvæði gegn hagræðingu úrslita.

Til viðbótar má nefna að samkvæmt grunnreglum IOC og útfra samanburði laga ÍSÍ gagnvart þeim ætti ÍSÍ helst að vera með:

- stefnu um ferðalög/gistingu, vasapeninga, dagpeninga og fríðindi fyrir embættismenn,
- starfskjarastefnu, ákvæði um innra eftirlit og áhættustjórnun,
- reglur um verndun íþróttafólks (sem reyndar er verið að vinna að á skrifstofu ÍSÍ),
- innleiðingaráætlun fyrir nýtt stjórnarfolk og starfsfolk,
- „whistleblower“ kerfi varðandi brot á hvers kyns reglugerðum sambandsins,
- stefnu um núll umburðarlyndi gagnvart hagræðingu úrslita í samræmi við regluverk IOC, kerfi til að taka á brotum og skýr viðurlög,
- stefnu gegn spilingu (þ.m.t. mútugreiðsla, fjárkúgunar, svika, peningapvættis og samráðs),
- ákvæði um hámarstíma stjórnarsetu,
- reglur um kosningaherferðir og sanngjörn tækifæri allra frambjóðenda til að kynna sig
- áætlun um endurskoðun laga og reglugerða,
- samningastjórnunarstefnu og undirskriftastjórnun,
- viðmið varðandi innkaup á vörum og þjónustu, til að mynda í sambandi við mannréttindi,

Ofangreindar athugasemdir eru ekki tæmandi en tæpa á því helsta sem hópurinn staldraði við

Verkefni 2

Drög að viðmiðum ÍSÍ að góðum stjórnarháttum

Hópurinn fór yfir þau drög sem þegar lágu fyrir að viðmiðum ÍSÍ um góða stjórnarhætti og hafði til hliðsjónar yfirferðina á grunngildum IOC.

Viðmiðin voru í upphafi skrifuð fyrir sérsambönd en hópurinn ákvað að endurskrifa viðmiðin út frá ÍSÍ þannig að ÍSÍ geti fyrst metið starf sitt og regluverk út frá viðmiðunum og síðan útfært viðmiðin fyrir sambandsaðila sína á seinni stigum.

Miklar breytingar voru gerðar á viðmiðunum og voru umræður og skoðanaskipti um þau mjög víðtæk og gagnleg. Tillaga vinnuhópsins að viðmiðum ÍSÍ fylgja þessari skýrslu sem viðauki I.

Verkefni 3

Úttekt á regluverki ÍSÍ út frá viðmiðum ÍSÍ um góða stjórnarhætti

Farið var yfir reglugerðir ÍSÍ og var yfirferð yfir reglugerðir sjóða ÍSÍ sett í forgang. Minnisblað vegna yfirferðar á reglugerðum fylgir þessari skýrslu sem viðauki II.

Tillögur vinnuhópsins til framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Vinnuhópurinn leggur til ýmsar breytingar á regluverki ÍSÍ til nánari útfærslu:

- Tillögur til breytinga á lögum ÍSÍ, sjá viðauka III.
- Tillögur varðandi reglugerðir ÍSÍ, sjá viðauka II.
- Aðrar tillögur, sjá viðauka IV.

Samantekt

Vinnuhópurinn fékk í hendur stórt en þarft verkefni sem leiddi hópinn í margar gagnlegar og víðfemar umræður um íþróttahreyfinguna, stjórnskipulag hennar, regluverk og hlutverk. Meðlimir hópsins hafa víðtæka, áratuga langa reynslu úr íþróttahreyfingunni sem og annars staðar frá sem nýttist hópnum vel í verkefnavinnunni.

Góðir stjórnarhættir nást fram, bæði með skýru og skipulögðu regluverki, skýrum verkferlum og römmum en ekki síður með því að stjórnir og starfsfólk innan hreyfingarinnar nálgist sín verkefni af auðmýkt, virðingu og ekki síst metnaði til að bæta starfið með öllum ráðum, alltaf.

Það er ljóst að regluverk hreyfingarinnar þarfnast sífelldrar endurskoðunar og það er afar mikilvægt að ferlar og áætlanir séu til staðar til að tryggja reglulega yfirferð. Samfélagslegar breytingar geta haft mikil áhrif á regluverkið og íþróttahreyfingin verður að ná að halda takti með tilliti til þess að hvers kyns breytingar gerðar á regluverki kunna að vera háðar samþykki aðalfunda og ársþinga, sem haldin eru árlega eða annað hvert ár.

Stjórnir eininga innan íþróttahreyfingarinnar þurfa því að vera vakandi fyrir breytingum í yfirsamtökum sínum og upplýsingaflæði þar á milli þarf að vera framúrskarandi svo að nauðsynlegar breytingar nái fram að ganga hjá öllum einingum fljótt og vel.

Með þessari skýrslu leggur vinnuhópurinn fram ítarlegar tillögur um hvernig styrkja megi stjórnarhætti innan hreyfingarinnar. Framkvæmd þessara tillagna mun skipta sköpum fyrir þróun og framgang góðra stjórnarháttanna og er það er von vinnuhópsins að þessar tillögur verði leiðarljós í áframhaldandi umbótastarfi og stuðli að aukinni skilvirkni, ábyrgð og trausti í allri starfsemi hreyfingarinnar.

Vinnuhópurinn vonar að greining hópsins og tillögur hans að breytingum og úrlausnum muni koma að góðu gagni í þeirri viðleitni að gott starf ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar allrar enn betra. Í fjórum viðaukum skýrslunnar eru sett fram ítarleg viðmið og tillögur sem miða að því að bæta starfshætti og efla gagnsæi og ábyrgð í störfum ÍSÍ.

Viðaukar skýrslunnar fela í sér:

- **Viðmið um góða stjórnarhætti**, sem þarfnast samþykktar framkvæmdastjórnar.
- **Lagabreytingatillögur**, sem þarf að leggja fyrir íþróttahreyfingarinnar til samþykktar.
- **Breytingar á reglugerðum**, sem framkvæmdastjórn þarf að innleiða.
- **Aðrar tillögur**, sem framkvæmdastjórn þarf að útfæra frekar.

Framkvæmd þessara tillagna mun skipta sköpum fyrir þróun og framgang góðra stjórnarháttanna innan hreyfingarinnar. Það er von vinnuhópsins að þessar tillögur verði leiðarljós í áframhaldandi umbótastarfi og stuðli að aukinni skilvirkni, ábyrgð og trausti í starfsemi hreyfingarinnar.

Vinnuhópurinn vonar að greining hópsins og tillögur hans að breytingum og úrlausnum muni koma að góðu gagni í þeirri viðleitni að gera gott starf ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar enn betra.